

Sp.

343. Fyrirspurnir.

[194. mál]

I. Til menntamálaráðherra um fullorðinsmenntun.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

Hvað líður athugun menntamálaráðuneytisins á því, hvernig fullorðinsmenntun verði best fyrir komið?

II. Til menntamálaráðherra um nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvað líður störfum nefnda þeirra, sem menntamálaráðherra skipaði s. l. vetur til að vinna að nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar?